

**3474. fundur bæjarráðs, haldinn á Garðavöllum,
28. október 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlun

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður næstkomandi mánudag kl. 16:15.

Samþykkt 3:0

2. 2110095 - Kvennaathvarfið - rekstrarstyrkur fyrir árið 2022

Beiðni Samtaka um Kvennaathvarf um rekstrarstyrk vegna ársins 2022.

Bæjarráð, að höfðu samráði við velferðar- og mannréttindaráð samþykkir styrkveitingu að fjárhæð kr. 450.000 til kvennaathvarfsins vegna ársins 2022. Styrkveitingin verður greidd út á næsta ári samkvæmt framlögðum reikningi.

Samþykkt 3:0

3. 1906113 - Sigurfari - siglingarfélag Akraness

Skóla- og frístundaráð fagnar því hvað félagið hefur stækkað og eflst. Ráðið leggur til að hugað verði að framtíðarskipulagi á húsnæði fyrir félagið. Skóla- og frístundaráð vísar því erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2022.

Bæjarráð þakkar erindið.

Bæjarráð gerir ekki ráð fyrir fjárveitingu til félagsins vegna mögulegrar uppbyggingar á aðstöðu Siglingaklúbbsins en þakkar mikilvægt yfirlit um þarfir félagsins.

Samþykkt 3:0

4. 2105198 - Viðburðir 2021

Erindi menningar- og safnanefnar um viðbótarfjármagn til viðburðahalda á Akranesi.

Samþykkt að veita viðbótarfjármagn að fjárhæð kr. 3.000.000 til kaupa á aðkeyptri vinnu og verður fjármagnið fært undir skrifstofu menningar- og safnamála 05020.

Samþykkt 3:0

5. 2110220 - Þorrablót Skagamanna 2022

Beiðni árgangs "79 um að Akraneskaupstaður taki áfram þátt í vali á "Skagamanni ársins" sem og að leggja blótinu til endurgjaldslaus afnot á íþróttahúsinu á Vesturgötu.

Bæjarráð samþykkir að taka áfram þátt í vali á Skagamanni ársins og að leggja skipuleggjendum til endurgjaldslaus afnot á íþróttahúsinu á Vesturgötu laugardaginn 22. janúar næstkomandi vegna Þorrablóts Skagamanna.

Bæjarráð áréttar sem fyrr að skipuleggjandi gæti að því fylgja gildandi áfengislöggjöf hvort sem það lýtur að þátttöku ungmenna á viðburðinum sjálfum eða við afgreiðslu veitinga til gesta. Einnig þarf að huga að sóttvörnum í samræmi við þá stöðu sem uppi kann að verða á umræddum tíma og haga gæslu í samræmi við það.

Samþykkt 3:0

6. 2110174 - Stafræn húsnæðisáætlun

Minnisblað um stafræna húsnæðisáætlun.

Lagt fram.

7. 2110005 - Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni

Erindinu er vísað til bæjarstjórnarfundar sem fram fer 9. nóvember.

Samþykkt 3:0

8. 2110193 - Ágóðagreiðsla EBÍ árið 2021

Tilkynning frá Eignahaldsfélagi Brunabótafélags Íslands um ágóðahlutagreiðslu til Akraneskaupstaðar fyrir árið 2021.

Lagt fram

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.